

Skipulagsfulltrúi Ölfuss
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 4. janúar 2023
UST202212-210/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi fyrir Læk 2, lóð C – Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Læk 2 í Ölfusi. Í greinargerð kemur fram að í gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið sem er um 5,1 ha að stærð skilgreint sem landbúnaðarland. Í erindinu kemur fram að breytingin gerir ráð að byggingarreitum fyrir skemmu og íbúðarhús sé víxlað, þeir færðir nær lóðamörkum til norðvesturs. Einnig er gert ráð fyrir nýju vegsvæði innan lóðar. Á svæðinu er stofnæð vatnsveitu Hjallasóknar og er sett kvöð á hana og aðkomu að henni til þjónustu.

Auk þess kemur fram að heimilt er að reisa íbúðarhús, gestahús, vinnustofur, geymslur, vélageymslu, hlöðu, gripahús, frístundahús, hænsnakofa og leikhús.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að tillagan raski ekki verndargildi malarkambs sem er á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur